

Borgarráð

Svar við fyrirspurn um heildarlaunagreiðslur borgarstjóra

Á fundi borgarráðs þann 17. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Snúið getur verið að átta sig á heildarlaunagreiðslum til borgarstjóra, sem og heildarlaunakostnaði, án þess þó að segja að leynd hvíli yfir þeim. Ráðningabréf borgarstjóra, sem nú hefur verið sent borgarfulltrúum, er ekki tæmandi að því er virðist, enda borgarstjóri að þiggja launagreiðslur frá öðrum félögum tengdum borginni, sem ekki koma fram í ráðningabréfi. Í því ljósi og þeirrar staðreyndar að borgarstjóri semur í raun um launin við sjálfan sig er þessi fyrirspurn lögð fram í nokkrum liðum. 1. Hver eru heildarlaun borgarstjóra miðað við launagreiðslur 1. nóvember 2016? 2. Óskað eftir staðfestingu á fjárhæð launagreiðslu til borgarstjóra frá Faxaflóahöfnum. Þá er óskað eftir upplýsingum um hver laun borgarstjóra eru vegna setu hans í stjórn/stjórnarformanns í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Almannavörnum, fái hann sérstaklega greitt fyrir það. Allar fjárhæðir skulu miðaðar við launaseðil 1. nóvember 2016. 3. Gríðarlegur munur er á launum kjörinna fulltrúa og þess kjörins fulltrúa sem er borgarstjóri. Samkvæmt ráðningabréfi eru laun borgarstjóra óhlutfölluð af launum forsætisráðherra, en í upphafi kjörtímabilsins voru þau kr. 1.231.092 og starfskostnaður kr. 84.500 samtals kr. 1.315.592 en grunnlaun annarra kjörinna fulltrúa voru kr. 490.285, og starfskostnaður kr. 36.400, samtals kr. 526.685. Mismunur er kr. 788.907 eða tæplega 150%. Óskað er eftir því hvort að ofangreint hlutfall hafi breyst og hvert það sé þá m.v. launagreiðslur 1. nóvember 2016. 4. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær það var síðast að borgarstjóri tók sæti sem stjórnarformaður og/eða stjórnarmaður í Faxaflóahöfnum eða Orkuveitunni og þáði greiðslur fyrir. 5. í 5. gr. ráðningabréfs borgarstjóra er ákvæði um að hann hafi embættisbifreið til umráða. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær bifreiðin var keypt, árgerð, af hverjum hún var keypt og kaupverð hennar. Þá er óskað eftir upplýsingum um rekstrarkostnað hennar árið 2015 og það sem af er árinu 2016 sem og launakostnað bílstjóra og annan tengdan kostnað sem bifreiðinni fylgir, viðhald, eldsneyti, tryggingar, bifreiðagjöld, afskriftir, dekkjaskipti o.þ.h.

Svar:

Laun borgarstjóra eru samkvæmt ráðningabréfi og fylgja grunnlaunum forsætisráðherra, líkt og undanfarna áratugi. Þannig munu laun borgarstjóra hafa verið ákvörðuð frá borgarstjóratið Geirs Hallgrímssonar. Þau voru 1.490.457 krónur á mánuði fram að nýlegum úrskurði kjararáðs. Auk grunnlauna er greiddur mánaðarlegur starfskostnaður að upphæð 90.636 kr. Laun forsætisráðherra hafa hækkað í 2.021.825 kr. eftir nýlegan úrskurð kjararáðs. Laun borgarstjóra hafa ekki tekið þessari hækkun. Borgarstjóri hefur skorað á Alþingi að grípa inn í úrskurð kjararáðs og gefið þau fyrirmæli að launagreiðslur taki ekki mið af hækkun kjararáðs.

Rétt er að taka fram að forsætisráðherra fær jafnframt greidd þriðjung af launum forseta Íslands sem handhafi forsetavalds þá daga sem forseti er erlendis.

Borgarstjóri átti áratugum saman sæti á fundum hafnarstjórar Reykjavíkurhafnar og þáði greiðslur fyrir. Þetta fyrirkomulag lagðist af við stofnun Faxaflóahafna. Borgarstjóri hefur ekki tekið sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á yfirstandandi kjörtímabili. Síðasti starfandi borgarstjóri sem átti sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Líkt og kunnugt er leysir borgarstjóri af stjórnarformanninn Kristínu Soffíu Jónsdóttur í stjórn Faxaflóahafna í fæðingarorlofi hennar. Laun stjórnarformanns Faxaflóahafna taka mið af 1. flokki fastra nefnda borgarinnar (nú 20% af þingfararkaupi). Stjórnarformaður fær tvöföld laun stjórnarformanns og fær greitt 305.176 kr. á mánuði. Stjórn Faxaflóahafna lagði nýverið til við eigendur að laun stjórnarinnar myndu miðast við flokk 2. í flokki fastra nefna borgarinnar (nú 16%) og munu stjórnarlaunin taka 20% lækkun frá og með 1. janúar nk, í samræmi við það.

Borgarstjóri hefur verið stjórnarformaður slökkviliðsins frá stofnun þess. Fyrir setu í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fær borgarstjóri 170.888 kr. á mánuði. Borgarstjóri fær einnig greitt sérstaklega fyrir setu í Almannavernd höfuðborgarsvæðisins en einungis er greitt fyrir hvern fund. Fundir hafa að jafnaði verið 2-4 sinnum á ári og greiðslan fyrir hvern fund er 31.375 krónur.

Hlutfallslega hafa laun kjörinna fulltrúa og borgarstjóra hækkað jafn mikið frá júní 2014 – desember 2016 eða um rúm 21%. Starfskostnaður borgarstjóra hefur hækkað um 7,2% (úr 84.500 kr. í 90.636 kr.) en starfskostnaður kjörinna fulltrúa hefur verið óbreyttur allan tímann (36.400 kr.).

Borgarstjóri hefur afnot af bifreið af gerðinni Volkswagen Passat Skráningarnr. MLX89, bíllinn er fyrst skráður 31.01.2013 og var kaupverðið var 5.221.194.

Bílstjórinn er í vinnu í Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir öðrum akstursverkefnum fyrir Ráðhúsið. Laun og launatengd gjöld bílstjóra Ráðhússins eru áætluð kr. 8,8 milljónir árið 2016. Rekstrarkostnaður bifreiðarinnar var samtals 2.088.063 kr. árið 2015, þar af innri leiga bifreiðar sem greidd er eignasjóði 1.261.802 kr. Bókfærður og áætlaður rekstrarkostnaður bifreiðarinnar árið 2016 eru 3.072.250 kr., þar af innri leiga bifreiðar sem greidd er eignasjóði 1.296.398 kr.

Dagur B. Eggertsson